

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936, um lokunartíma sölubúða, öðlast gildi 1. jan. 1967, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um lokun sölubúða á Akranesi nr. 54 11. marz 1954 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til kvöldsölu, sem nú eru í gildi, skulu halda gildi sínu til og með 31. des. 1966.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**REGLUGERÐ****um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.**

## 1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum, ár hvert í eftirtöldum sýslum og bæjarfélögum: Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Borgarfjarðarsýslu ofan Skorradalsgirðingar, Mýrasýslu austan Langár, Húnavatnssýslu austan Blöndu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkróki, Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Siglufirði, Ólafsfirði, Suður-Þingeyjarsýslu vestan Skjálfandafljóts, Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum, Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfljóts.

Ef ástæða þykir til, getur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum sauðfjár-sjúkdómanefndar og yfirdýralæknis, fyrirskipað bólusetningu í sama skyni í öðrum héruðum en að ofan getur.

## 2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

## 3. gr.

Sýslumenn eða lögreglustjórar skulu í samráði við sauðfjár-sjúkdómanefnd skipa einn eftirlitsmann í hverri sýslu eða bæjarfélagi, til 5 ára í senn. Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi.

## 4. gr.

Eftirlitsmenn skulu annast um, að nægilegt bóluþefni sé ætíð fyrir hendi þegar bóluþetning skal fara fram.

## 5. gr.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bóluþetningarmönnum um framkvæmd verksins og senda þær sauðfjársjúkdómanefnd að lokinni bóluþetningu.

## 6. gr.

Nú hefur fjáreigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bóluþetja ásetningslömb sín innan tilskilins tíma og skal þá oddviti (bæjarstjóri) gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við lögreglustjóra gera ráðstafanir til þess að lömbin verði bóluþett á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

## 7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sýslusjóði (bæjar-sjóði) og að hálfu úr rikissjóði (Sauðfjársjúkdómanefnd).

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferða-kostnaðarreikninga þeirra.

Bóluþefni og kaup bóluþetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bóluþett fé hverju sinni.

## 8. gr.

Tilraunastöðin á Keldum skal veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bóluþetningarinnar og meðferð fjárins að henni lokinni.

## 9. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 23 10. marz 1956.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi fallnar áður útgefnar auglýsingar og tilkynningar um bóluþetningu sauðfjár vegna garnaveiki.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. september 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*